

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/5/EB

2001/EES/51/03

frá 25. febrúar 2000

**um breytingu á viðaukum C og D við tilskipun ráðsins 92/51/EBE um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE(\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB <sup>(2)</sup>, einkum 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ríkisstjórnir Breska konungsríkisins og Lýðveldisins Austurríkis hafa lagt fram rökstuddar beiðnir um breytingar á viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE.
- 2) Fella skal brott í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE nám fyrir „viðurkenda félagsráðgjafa – á sviði geðheilbrigðis“ og „umboðsaðila vörumerkja“ í Breska konungsríkinu. Starfsgreinin „viðurkendir félagsráðgjafar – á sviði geðheilbrigðis“ er ekki lögvernduð í Breska konungsríkinu. Nám fyrir „umboðsaðila vörumerkja“ fellur nú að skilgreiningu í ii-lið fyrstu undirgreinar í a-lið 1. gr. í tilskipun 92/51/EBE.
- 3) Í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE skal bæta við námi í Breska konungsríkinu sem leiðir til starfsréttinda sem „löggitur tæknimaður við meðhöndlun úrgangs“, að því tilskildu að starfsréttindin séu viðurkennd í Breska konungsríkinu sem „National Vocational Qualifications“ á 3. og 4. stigi.
- 4) Breyta skal orðalagi í 5. lið í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE en samkvæmt honum felur nám, sem er skráð í þeim lið, í sér menntun og hæfi sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications (NVQ)“ eða sem „National Council for Vocational Qualifications“ samþykkir og viðurkennir sem jafngilt. Samþykkis eða viðurkenningar á jafngildi er ekki lengur krafist í Breska konungsríkinu. Annað yfirvald hefur tekið við starfi „National Council for Vocational Qualifications“. Ekki er talið nauðsynlegt að tilgreina þetta lögbæra yfirvald í þessari tilskipun.
- 5) Fella skal inn í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE nýtt sérstakt grunnnám í Austurríki fyrir hjúkunarfræðinga sem sérhæfa sig í umönnun barna og ungs fólk og

geðhjúkunarfræðinga. Þetta nám leiðir til sambærilegra starfsréttinda og, þegar því er lokið, til svipaðrar ábyrgðar og starfa og nám að loknu framhaldsskólanámi, sem er lýst í ii-lið fyrstu undirgreinar í a-lið 1. gr. í tilskipun 92/51/EBE.

- 6) Fella skal brott vísun til „National Council for Vocational Qualifications“ í viðauka D við tilskipun 92/51/EBE. Í stað þess kemur annað yfirvald en ekki er talið nauðsynlegt að tilgreina það lögbæra yfirvald í þessari tilskipun.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 92/51/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum C og D við tilskipun 92/51/EBE er breytt eins og segir í viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegt lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. febrúar 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 54, 26.2.2000, bls. 42, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2000 frá 27. október 2000 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 2, 11.1.2001, bls. 3.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 184, 12.7.1997, bls. 31.

## VIÐAUKI

A. Viðauka C við tilskipun 92/51/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 1. lið „Nám er tengist læknisfræði og umönnun barna“ á eftir „í Hollandi: – aðstoðarmenn dýralækna (dierenartsassistent)“:

„í Austurríki

- sérstakt grunnnám fyrir hjúkrunarfræðinga sem sérhæfa sig í umönnun barna og ungs fólks;
- sérstakt grunnnám fyrir geðhjúkrunarfræðinga.“

2. Fyrstu málsgrein í 5. lið „Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications“ eða „Scottish Vocational Qualifications““ er breytt sem hér segir:

a) fella skal brott eftirfarandi nám:

- „viðurkennda félagsráðgjafa – á sviði geðheilbrigðis“;
- „umboðsaðila vörumerkja“

b) bæta skal við síðasta undirlið: „löggitla tæknimenn við meðhöndlun úrgangs“

c) fella skal brott orðin „eða sem „National Council for Vocational Qualifications“ samþykkir og viðurkennir sem jafngilt.

B. Viðauka D við tilskipun 92/51/EBE er breytt sem hér segir:

Orðin „National Council for Vocational Qualifications“ í fyrstu málsgrein falli brott.

---